

Alþingi
Erindi nr. P 141/1589
komudagur 15.2.2013



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Reykjavík 14. febrúar 2013

Alþingi - allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Umsögn, tillaga til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 471. mál

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis óskaði 23. janúar 2013 eftir umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 471. mál.

Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) tekur heilshugar undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar og fagnar henni. SL ítrekar um leið mikilvægi þess að farið verði í endurbætur og viðhald björgunarskipa félagsins.

Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru mjög mikilvæg í þágu öryggis sjómanna sem og við leit og björgun á hafssvæðinu við Ísland og við strendur landsins. Því er mikilvægt að viðhald björgunarskipanna, og ástand þeirra á hverjum tíma, sé tryggt með sem bestum hætti.

F.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Jón Svaneberg Hjartarsen
framkvæmdastjóri